

199

8. des.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Austur-Húnavatnssýslu nr. 150
31. ágúst 1940.

Í e-lið 1. gr. gjaldskrárinnar komi allt að 44% í stað 20%.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1943, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. desember 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

200

15. des.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um innheimtu á kirkjugarðsgjaldi nr. 39 26. apríl 1937.

1. gr.

Í 5. gr. reglugerðarinnar falli niður b-liður svo hljóðandi: Félögum og öðrum ópersónulegum útsvarsgjaldendum.

c-liður sömu greinar verði b-liður og d-liður c-liður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 23. júní 1932, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 15. desember 1942.

Magnús Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

201

17. des.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Björgólfs Stefánssonar kaupmanns,“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 17. desember 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Björgólfs Stefánssonar kaupmanns.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á 25 ára afmæli skóverzlunar B. Stefánssonar, þann 1. október 1942, með 25000 kr. gjöf frá ekkju Björgólfs sál, Stefánssonar, frú Oddnýju Stefánsson.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að veita efnilegum og duglegum islenzkum nemendum, sem lokið hafa burtfararprófi úr Verzlunarskóla Íslands, styrk til framhaldsnáms erlendis, sem verðlaun fyrir ástundun og dugnað við verzlunarnám og verzlunarstörf.

3. gr.

Heimilt er að veita styrkinn sama nemanda tvö ár í röð, enda sendi hann skýrslu um nám sitt og meðmæli kennara sinna ytra, þegar hann sækir um styrkinn í annað sinn.

4. gr.

Umsóknir um styrkinn skulu sendar stjórn sjóðsins fyrir 15. september ár hvert og skulu umsókninni fylgja meðmæli frá þeim verzlunarfyrstækjum, er umsækjandinn hefur starfað hjá.

5. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu jafnan vera það stórir, að líklegt sé að þeir komi styrkþega að verulegum notum.

6. gr.

Sjóðnum stjórnar þriggja manna sjóðstjórn. Skal einn þeirra vera skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, annar formaður Verzlunarráðs Íslands, en þann þriðja tilnefna erfingjar Björgólfs Stefánssonar, þeir, er ráða yfir Skóverzlun B. Stefánssonar.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í tryggum verðbréfum.

8. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Einn fimmta hluta af nettótekjum sjóðsins skal árlega leggja við höfuðstól hans, en fjórum fimmtu hlutum þeirra má verja til styrktar samkvæmt 2. gr. Heimilt er stjórninni, ef henni þykir henta, að geyma þann hluta tekna sjóðsins að einhverju eða öllu leyti til úthlutunar næsta ár, ef ekki þykir ástæða til þess að úthluta honum að fullu það ár, sem þá stendur yfir.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal stjórn sjóðsins hafa samið reikning hans fyrir liðið ár, og skal hann síðan endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, sem lögmaðurinn í Reykjavík nefnir til þess. Að lokinni endurskoðun sér stjórnin um, að reikningurinn sé birtur í Stjórnartíðindunum.

10. gr.

Stjórn sjóðsins ber að færa bækur yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld. Skal þar í færa ársreikning sjóðsins. Gerðabók skal stjórnin halda og færa þar í fundargerðir og aðrar gerðir sínar.

11. gr.

Leita skal opinberrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.